

45 og að hin ákveðna fúlga, 150 kr. yfir árið, eigi sje of hátt sett, þá er hitt aptur á móti
 4. maí. rangt og heimildarlaust, að telja styrkveitinguna frá 1. júlí 1900, heldur verður hún að eins talin frá þeim tíma, er hreppsnefndin ályktaði, að veita styrkinn, eptir þeim upplýsingum sem fyrir hendi eru, frá 4. nóvbr. 1900. Eptir þessu verður styrktarupphæðin frá nefndum degi og til 10. apríl 1901, að báðum dögum meðtöldum, 65 kr. 42 aur., og hin framlagða upphæð með greptrunarkostnaðinum 94 kr. 92 a., og er því hjer með úrskurðað, að Nauteyrarhreppur endurgjaldi Reykhólahreppi þessa upphæð.

46
 4. maí. **Brjef landshöfðingja tll amtmannsins yfir Suðuramtinu og Vesturamtinu um sveitfesti þurfalings.** — Með brjefi, dagsettu 28. febr. þ. á., hafið þér, herra amtmaður, sent hingað erindi hreppsnefndarinnar í Staðarsveit, þar sem hún áfrýjar til mín úrskurði yðar, dagsettum 31. janúar f. á., um að Alexander nokkur Guðlaugsson skuli teljast sveitlægur í nefndum hreppi.

Útaf þessu skal yður til vitundar gefið yður til leiðbeiningar, að með því að jeg verð að vera yður samdóma um að eigi sje sannað að sveitfestisdvöl Alexanders í Staðarsveit hafi slitnað við burtveru hans 1889—1890, skal úrskurður yðar vera óraskaður.

Úrskurður amtsins:

Eptir að hafa meðtekið þóknanlegt brjef yðar, velborni herra sýslumaður, dags. 7. oktbr. þ. á., og 4. þ. m., viðvíkjandi erindi hreppsnefndarinnar í Breiðvíkurhreppi, dags. 24. júní f. á., þar sem hún áfrýjar til amtsins úrskurði yðar, dagsettum 28. maí f. á., sem ákveður, að Alexander nokkur Guðlaugsson skuli álitast sveitlægur í fæðingarsveit sinni, Breiðvíkurhreppi, er svolátandi úrskurður lagður á þetta mál,

Eptir þeim skýrslum, sem fyrir hendi eru, er Alexander Guðlaugsson fæddur 31. oktbr. 1864 í Breiðvíkurhreppi, en þaðan fluttist hann árs gamall að Búðum í Staðarsveit. Rjett eftir fermingu, vorið 1879, fór hann úr þeim hreppi, 14½ árs gamall, en kom þangað aptur vorið 1882. Þar dvaldi hann svo hjá foreldrum sínum á Búðum, til vorsins 1892, en frá þeim tíma dvaldi hann í Staðarsveit enn 2 ár í ólöglegri húsmensku, unz hann flutti sig að Stapatúni í Neshreppi utan Ennis. Þar varð hann þurfandi sveitarstyrks og þáði styrk af fátækrafje snemma vetrar 1897. Á fyrnefndu tímabili frá 1882 til 1892 fór Alexander Guðlaugsson á þorranum 1889 suður á Akranes til sjóróðra, en fór þaðan aftur um vorið heim að Búðum, og var síðan um sumarið í kaupavinu í Dalasýslu. Heimkominn að Búðum fór hann um rjettir 1889 suður í Garð í Rosmhvalaneshreppi í Gullbringu- og Kjósarsýslu til sjóróðra, en frá því um vetrarvertíðarlok var hann háseti á þilskipi, sem átti heima í Höfnum og kom hann svo heim aptur að Búðum um rjettir 1890.

Þjer hafið álitid, að úrlausn þeirrar spurningar, hvort Alexander Guðlaugsson sje sveitlægur í Staðarsveit eða í fæðingarhreppi sínum, Breiðvíkurhreppi, sje komin undir því, hvort hann hafi verið hjú foreldra sinna árin 1889—1890, og hafið þjer, — þrátt fyrir það, að Alexander hefir stöðugt haldið því fram, að hann hafi þá verið vinnumaður föður síns, eins undan og eptir, og að föður hans og honum hefur borið saman um það, að Alexander hafi fengið föður sínum arð af vinnu sinni þessi árin, svo og um það, að reitur Alexanders, aðrar en íveruföt hans, hafi verið kyrrar á Búðum, á meðan hann var fjarverandi — sjer í lagi samkvæmt vitnisburðum annara manna um þá yfirlýsing af hálfu Guðlaugs Grímssonar,

föður Alexanders, haustið 1890, að hann hafi þá verið frá sjer farinn, og að hann (Guðlaugur) hafi eigi notið arðs af vinnu sonar síns það ár, og svo vegna þess, að Guðlaugur hafi í rjettarprófi ekki kallað Alexander vinnumann sinn á tímabilinu frá rjettum 1889 til jafnlengdar 1890, heldur heimilismann, komizt að þeirri niðurstöðu, að það sje eigi sannað, að Alexander hafi verið hjú foreldra sinna áminnstan tíma, og að hann að minnsta kosti hafi eigi verið vinnumaður þeirra frá krossmessu 1890, og því úrskurðað, að hann hafi eigi áunnið sjer framfærslurjett í Staðarsveit, og sje hann því sveitlægur í fæðingarsveit sinni, Breiðuvíkurbreppi.

Jeg get eigi verið yður samdóma um úrslit þau, er málið þannig hefur fengið hjá yður. Málsúrslitin hljóta að vera komin undir því, hvort álitid verður, að Alexander Guðlaugsson hafi varðveitt heimilisfang sitt á tímabilinu frá rjettum 1889 til jafnlengdar 1890, er hann var lengst að heiman í samfellu, án nokkurs tillits til þess, hvort hann hafi verið hjú foreldra sinna, eða ekki, þennan tímn.

Eptir skýrslu hans sjálfs, sem eigi er ástæða til að rengja, og sem kemur heim við skýrslu föður hans, og aðrar upplýsingar, svo sem að hann skildi eftir reitur sínar á Búðum, hefir hann farið að heiman í þeim hug, að hverfa heim aptur, að erindi sínu afloknu, ekki eingöngu, þá er hann fór suður til fiskiróðra um rjettir 1889, heldur bæði fyr og síðar. Sveitfestisdvöl hans hefir alls eigi getað slitnað við árslanga fjærvist hans, úr því það var ásetningur hans, þá er hann fór að heiman, að hverfa þangað aptur, svo sem öll atvik einnig sýna.

Að því leyti, er snertir þann framburð hins fyrra hreppstjóra í Staðarsveit, Björns Andrjessonar á Hólkoti, að Alexander Guðlaugsson hafi sagt við hann, þá er hann krafði Alexander um alþýðustyrktarsjóðsgjald vorið 1891, að hann hafi verið vinnumaður suður á landi hið undanfarna ár og gjört þar full skil, þá ber Alexander fastlega á móti þessu, enda benda þær skýrslur, sem liggja fyrir um veru hans fyrir sunnan, eigi til annars, en að hann hafi dvalið þar til fiskiróða og sem háseti á fiskiskútu, og eigandi skútunnar hefir vottað, að Alexander hafi lýst því yfir við sig, þegar hann fór, að nú ætlaði hann til foreldra sinna á Búðum, því hann væri þeirra hjú.

Þar sem Alexander Guðlaugsson þannig hefir haft 10 ára óslitna dvöl í Staðarsveit eptir að hann var orðinn 16 ára að aldri, er hjermeð úrskurðað, að hann skuli álitast sveitlægur þar, og er fyrnefndur úrskurður yðar, dags. 28. maí f. á., úr gildi felldur.

Þetta gefst yður hjermeð þjenustusamlega til vitundar, yður til leiðbeiningar og frekari birtingar fyrir þeim hreppsnefndum, sem í hlut eiga.

Þjer skýrið svo frá í fyrnefndu brjefi yðar, dags. 4. þ. m., er þjer senduð mjer með útskript af prófi, sem þjer hafið haldið yfir Alexander Guðlaugssyni, eptir beiðni minni, til þess að fá nánari upplýsing í þessu máli, að hann, sem eigi heima í Neshreppi utan Ennis, hafi eptir tilmælum yðar komið til yðar til yfirbeyrslu, og hafi verið 5 daga á leiðinni til Stykkishólms, og muni verða jafnlengi heim til sín. Þjer álitid því, að hann, sem sje heilsu- líftill ómagamaður, hafi slökkt töluverðu niður, auk þess kostnaðar, sem og af ferðinni leiddi, og spyrjist þjer fyrir um, hvort hann muni geta vænzt nokkurrar þóknunar fyrir, svo sem 2 krónur á dag.

Út af þessu vil eg eigi undanfella þjenustusamlega að tjá yður, að jeg því miður sje engan veg til þess, að bæta þessum manni skaða hans og kostnað, sbr. dómsmálastjórnarbrjef 23. desbr. 1856.